

Nr. 065 / 15 Nafni HU3**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6901
Smíðaður: Hafnarfirði 1981, plast
Stærð: 3,10 brl. 2,59 bt.
Mesta lengd: 6,45 m Skráð lengd: 6,05 m
Breidd: 2,28 m Dýpt: 1,20 m
Vél: Mercruiser 61,60 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 1



Gögn:
Gögn RNS

Nafni ©???

Málið afgreitt á fundi þann 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 22. júní 2015 var Nafni HU 3 á strandveiðum undan Kjalarnesi. VNV 4-7 m/s (Kjalarnes).

Skipstjórinn var á veiðum mjög nálægt landi þegar hann tók eftir að hann var kominn of grunnt. Snéri hann þá frá og þegar fór að dýpka tók bátinn niðri á skeri og varð stjórnlaus. Þyrlan TF-LÍF kom á vettvang og fór sigmaður þyrlunnar niður í bátinn til aðstoðar. Kallaði hann í frekari aðstoð og kom Jón Pétur RE 411 á vettvang og dró Nafna til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skrúfa bátsins rakst niður á sker og brotnuðu af henni öll blöðin;
- að sigmaður þyrlunnar tók yfir stjórn bátsins þar sem skipstjóri var ósamvinnufús;
- að báturinn var að reka upp í fjöruna og fékk þá sigmaðurinn þyrluna til að koma aftur að bátinum og fá niðurstreymi frá henni til að ýta honum frá fjörunni;
- að umgengi í bátinum var afar slæm.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.